



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Upphaf vetrarstarfsins

Nú á sunnudaginn hefst vetrarstarf Akureyrarkirkju með formlegum hætti. Fjölskylduguðsþjónusta verður í kirkjunni kl. 11.00.

Að henni lokinni funda prestar kirkjunnar með fermingarbörnum og forráðamönnum þeirra, í kirkjunni.

Þar verður spjallað um fermingarfræðsluna og fleira.

Eftir messu verður opið hús í Safnaðarheimilinu. Þar verða léttar veitingar og kynning á vetrarstarfi kirkjunnar. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Barnakórastarfið komið af stað

Barnakórastarfið í kirkjunni fór af stað af miklum krafti í september. Eftir afar vel heppnaða lokatónleika síðasta voru bæði kórfélagar og kórstjóri spennt að halda áfram starfinu og að auki eru margir nýir félagar í hópnum. Framundan hjá barnakörum kirkjunnar á haustönn er söngur við fjölskyldumessur, tónleikar í menningarhúsinu Hofi í október, aðventuhátíð og hinn hefðbundni helgileikur á öðrum í jólum.

Í kórnum er sungin fjölbreytt tónlist, bæði einradda og fjölradda, ásamt hreyfingum og leikjum. Áhersla er lögð á raddbeitingu, raddheilbrigði, líkamsbeitingu, hlustun og framkomu og óhætt að segja að mikil tónlistarkennsla felist í kórastarfinu auk þess sem áhersla er lögð á að góður andi sé í hópnum og að öllum líði vel.

Það er margt spennandi framund-

an og áhugasöm börn eru hvött til að koma og taka þátt í skemmtilegu og skapandi tónlistarstarfi. Æfingar yngri kórsins (2.-4. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl. 15.00-16.00 og æfingar eldri kórsins (5.-7. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl. 16.00-17.00. Engin æfingagjöld eru tekin og enginn kostnaður fyrir þátttakendur. Sigrún Magna Þórsteinsdóttir verður áfram stjórnandi kóranna í vetur.



Á kóræfingu yngri kórsins.



Notaleg stund á mömmumorgni.

Mömmumorgnar á miðvikudögum

Alla miðvikudagsmorgna í vetur, frá kl. 9.30 til 11.30, verður boðið upp á notalega stund í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Sr. Hildur Eir Bolladóttir hefur umsjón með

mömmumorgnunum sem ætlaðir eru fyrir mömmur og pabba með ungbörn sín.

Aðgangur er ókeypis og eru foreldrar hjartanlega velkomnir.

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju 2010

Tónleikar sumarsins voru fernir og gengu afar vel. Á fyrstu tónleikunum flutti Kammerkór Akraness, undir stjórn Sveins Arnars Sæmundssonar skemmtilega efnisskrá unna upp úr ljóðum og lögum.

Á þeim næstu lék þýski orgelleikarinn, Ulrike Northoff, á orgel kirkjunnar. Ellen Kristjánsdóttir, söngkona og Þorsteinn Einarsson, gítarleikari léku frumsamin lög og þekktar perlu á þriðju tónleikunum og á síðustu tónleikunum léku Eydís Franzdóttir og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir tónlist fyrir óbó og orgel.

Aðsókn var með ágætum og voru gestir um 530 talsins. Afar ánægjulegt er að geta boðið Akureyringum og ferðamönnum upp á vandaða tónlist endurgjaldslaut og viljum við koma á framfæri þakklæti til styrktaraðila tónleikanna en það eru Akureyrarbær, Héraðssjóður Eyjafjarðarprófastsdæmis, Menningarsjóður Kea, kirkjumálasjóður og Landsbankinn. Án þeirra hefði ekki verið mögulegt að

halda tónleikaröðinni áfram með sama sniði.

Gestum tónleikanna þökkum við kærlega fyrir komuna, vonum að þeir hafi notið tónlistarinnar og vonumst til að sjá sem flesta á sumartónleikum árið 2011.

Trúarleg þjónusta á FSA

Trúarleg þjónusta á FSA er áfram með sama sniði og verið hefur. Þjónustan er ætluð sjúklingum, aðstandendum og starfsfólki.

Helgistundir eru í Kristnesi (Ödeild) alla þriðjudaga kl. 14.30.

Fyrirbænaundir eru í kapelli FSA alla miðvikudaga kl. 11.15.

Vinsamlega komið fyrirbænaefnum til prests (gudrone@fsa.is) eða djákna (valgerdur@fsa.is), eða skrifið sjálf í fyrirbænaþökinu í kapellunni.

Kvenfélag Akureyrarkirkju:

Starfið í félaginu með svipuðu sniði

Starfsemi Kvenfélags Akureyrarkirkju verður með líku sniði og undan farin ár, sem felst meðal annars í því að liðsinna ýmsum mannúðar og menningarmálum í anda kirkjunnar og sjá um veitingar og þjónustu við ýmis tækifæri í þágu kirkjustarfsins.

Fastir fundir félagsins eru fjórir á ári, haustfundur sem verður 14. október kl. 19:30, jólafundur sem verður laugardaginn 27. nóvember kl. 18:00, febrúarfundur sem verður 10. febrúar kl. 19:30 og aðalfundur félagsins sem verður 5. maí kl. 19:30. Á fundunum er reynt að hafa eitthvað efni til fróðleiks og skemmtunar.

Hinn árlegi fjárflyunardagur kvenfélagsins verður 14. nóvember, þá er

félagið með kaffisölu eftir messu og einnig verða seldir hinir vinsælu lukkupakkar og fallegu tækifæriskort félagsins.

Handavinnusamvera félagskvenna er annan mánudag í mánuði yfir vetrarmánuðina kl. 16:30 í Safnaðarheimilinu.





Held ég hafi verið leidd inn á þessa braut

Séra Hildur Eir Bolladóttir var sett í embætti prests við Akureyrarkirkju þann 20. júní síðastliðinn og okkur langaði að forvitnast svolítið um konuna og prestinn.

Hvar ertu fædd og uppalin?

Ég er innfæddur Akureyringur en ólst upp í Laufási í faðmi foreldra og fimm systkina. Það voru sannarlega forréttindi að alast upp á þessum fallega og sögufræga stað, gamli torfbærinn og kirkjan minntu á að manneskjan á ekkert heldur staldrar aðeins við um stund uns aðrir taka við og þurfa þannig að hlúa að sögunni og arfleidd forfedra og mæðra og náttúran, æðarvarpið og Fnjóskáin færðu manni frekar auðmýkt gagnvart lífinu, fyrir það er ég óendanlega þakklát og þess vegna get ég einmitt tudað endalaust yfir umhverfismálum, ég skulda askuslóðunum það hreinlega.

Fjölskylda?

Ég er gift Heimi Haraldssyni námsráðgjafa frá Akureyri, hann er upprunninn á Brekkunni og við eigum tvo syni Harald Bolla 8 ára og Jónatan Huga 2 ár.

Menntun?

Ég lauk stúdentsprófi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri og Cand. theol. prófi frá HÍ árið 2005, ég er hálfnuð með meistaranám í heilbrigðis- og lífssviðfræði en það fær að bíða betri og rólegri tíma.

Lokaritgerðin mín frá guðfræðideildinni fjallaði um samversku konuna í Jóhannesarguðspjalli og samskipti hennar og Jesú.

Og við hvað hefur þú nú fengist á lífsleiðinni?

Ég hef unnið í sumarþúðum og við landbúnaðarstörf á Hólum í Hjaltadal, ég hef verið kirkjuvörður og meðhjálpari, barþjónn og afgreiðslukona hjá ÁTVR, starfsmaður á geðdeild, kennari við Brekkuskóla, unnið við þrif og á umferðarmiðstöð en lengst hef ég starfað í kirkjunni. Ég var prestur í Laugarneskirkju í Reykjavík áður en ég kom hingað til starfa.

Ætlaðirðu þér alltaf að vera prestur?

Nei svo sannarlega ekki, mig langaði lengi til að verða leikkona, bókmenntafræðingur, stjórn málafræðingur þó hefur mig lengst af langað til að vera rithöfundur og mig langar það enn, hver veit nema ég geti samtvinnað þessi tvö störf þegar börnin eru flogin úr hreiðri. Ég ákvað að fara í guðfræði 22 ára gömul og ég veit ekki enn hvað gerðist en ég hreinlega held að ég hafi verið leidd inn á þessa braut, heitir það ekki bara köllun? Mér finnst ég alltaf jafn óprestleg og gleymi því mjög oft að ég sé séra, en hvað er svo sem að vera prestlegur?

Á hvað muntu leggja áherslu í starfinu?

Fyrst og fremst mun ég leggja áherslu á að vera manneskja en ekki ofurmenni. Síðan ætla ég að vera dugleg af því að ég er alin upp við það, svo ætla ég að vera góð við samstarfsfólk mitt af því að þá náum við miklu meiri og betri árangri í starfi, sóknarörnunum til blessunar. Síðan ætla ég að miðla trú minni af einlægni og edrúmennsku.

Fermingarfræðsla

Fermingarfræðsla var ýtt úr vör með fermingarnámskeiði í Kirkjumíðstöðinni við Vestmannsvatn dagana 17.-20. ágúst. Fermingarnámskeiðin eru fastur liður í fermingarfræðslu Akureyrarkirkju og eru skipulögð í samstarfi við grunnskólanna. Fermingarörnin velja hvort þau vilji taka þátt í þessum upphafssamverum fræðslunum og að þessu sinni komu um 90 börn á námskeiðin sem voru þrjú, einn sólarhringur í senn.

Fermingarnámskeiðin innihalda auðvitað fræðslu um kristna trú en einnig er lagt mikið upp úr því að eiga góðar stundir, fara í leiki og fleira. Umhverfið á Vestmannsvatni er mjög fallett og þegar veður er gott erum við mikið úti. Þá eru bátarnir vinsælir, útileikir, gönguferðir og ekki má gleyma berjatínslu.

Fermingarfræðslan hefst svo af fullum krafti þriðjudaginn 21. september, en þá mætir fyrsti hópurinn í fræðslu í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju.

Fræðslustundirnar til áramóta eru sem hér segir:

Hópur 1: Brekkuskóli kl. 15.00-17.00. (21. sept., 12. okt., 2. nóv., 23. nóv., 14. des.)

Hópur 2: Lundarskóli kl. 15.00-17.00. (28. sept., 19. okt., 9. nóv., 30. nóv.)

Hópur 3: Oddeyrarskóli og Naustaskóli kl. 15.30-17.30. (5. okt., 26. okt., 16. nóv., 7. des.)

Stundirnar verða auglýstar í Dagskránni en einnig má nálgast upplýsingar á heimasíðu kirkjunnar, www.akirkja.is Fermingarfræðslan er í umsjá sr. Svavars A. Jónssonar og sr. Hildar Eirar Bolladóttur.

Fermingardagar 2011

Laugardagurinn 16. apríl, pálmásunnudagur 17. apríl, laugardagurinn 7. maí, laugardagurinn 4. júní, laugardagurinn 11. júní og hvítasunnudagur 12. júní. Fermt verður kl. 10.30.



Séra Hannes Örn Blandon prófastur setur séra Hildi Eir Bolladóttur í embætti prests við Akureyrarkirkju.

Samhygð – samtök um sorg og sorgarviðbrögð

Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð á Akureyri og nágrenni voru stofnuð í desember 1989 af hópi fólks sem hafði kynnst sambærilegum félagsskap í Reykjavík og fann að það var mikil þörf fyrir svona sjálfshjálparhópa á landsbyggðinni. Frá upphafi voru fundir haldnir hálfsmánaðarlega allt árið í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Á veturna var reynt að vera með fyrirlestur í hverjum mánuði um hin ýmsu efni.

Nú starfar félagið einu sinni í mánuði frá september til maí og er áætlað að vera með fyrirlestra/erindi í hvert skipti. Markmið samtakanna er að veita þeim stuðning sem koma að leita sér hjálpar eftir ýmis sorgaráföll er upp koma í lífinu, hvort heldur það er ástvinamissir, alvarleg veikindi, fötlun, atvinnumissir, skilnaður, gjaldþrot eða hvað annað. Það hjálpar heilmikið að geta talað við einhvern í trúnaði um sorgir sínar og áhyggjur og vita að sá

hinn sami hefur upplifað sömu tilfinningar og efasemdir um framtíðina, en getur nú litið glaður fram á veginn.

Fundir Samhygðar eru í fundarsal Safnaðarheimilis Akureyrarkirkju, gengið inn hjá kapellunni.

Opið hús/fundirnir byrja kl. 20.00 og eru auglýstir í Dagskránni daginn áður.

Allir velkomnir á fundi. Engin félagsgjöld en öllum velkomnið að styrkja félagið með fjárframlögum á reikning 0162-26-003607, kt. 640191-2289.

Stjórn Samhygðar veturinn 2010 - 2011 eru:

Kristín Sveinbjörnsdóttir, formaður, sími 462-6965 og 847-4250, netfang kittyes@simnet.is, Hugrún Stefánsdóttir, gjaldkeri, Jóna Lovísa Jónsdóttir, Annetta Maria Norbertsdóttir.

Varastjórn: Ólöf Tryggvadóttir. Veffang Samhygðar: www.kirkjan.is/ejafjardarprofastsdaemi

Kraftur settur í starfið hjá stúlknakórnum

Eftir að hafa legið í dvala í eitt ár verður Stúlknakór Akureyrarkirkju starfræktur aftur í vetur. Mikil áhersla verður lögð á söngþjálfun, skemmtilega og hressilega tónlist, þjálfun í framkomu og öflugt félagslíf.

Kórinn er fyrir stúlkur á aldrinum 13-19 ára. Kórinn syngur við helgi-

hald kirkjunnar en mun einnig syngja utan kirkjunnar. Fyrirhugaðar eru æfingabúðir og fleiri ferðir.

Ekkert kostar að vera í kórnum. Eyþór Ingi Jónsson, stjórnandi kórins, tekur við umsóknum á netfangið eythor@akirkja.is og veitir upplýsingar í síma 462 7702.



Þér eruð ljós heimsins!

– frelsun þrælaborðna á Indlandi ...

Þér eruð ljós heimsins er yfirskrift landsmóts æskulýðsfélaga kirkjunnar sem haldið verður á Akureyri helgina 15.-17. október næstkomandi.

Þá fyllist bærinn af unglingum á aldrinum 14-16 ára og leiðtogum þeirra, en ætla má að um 1000 þátttakendur úr æskulýðsfélögum landsins sækja Akureyri heim.

Mótið í ár verður sannkallað góðgerðarmót þar sem unglingarnir munu finna ýmsar leiðir til þess að safna peningum sem nota á til þess að leysa þrælaborðna á Indlandi úr ánaud.

Það er von okkar að Akureyringar taki vel á móti unglingunum og leggi þeim lið eftir bestu getu. Það kostar 5000 kr. að leysa eitt barn úr ánaud og ef að hver gata á Akureyri tæki sig til og safnaði fyrir einu barni þá gætum við frelsað yfir 600 þrælaborðna!

Dagskrá mótsins verður góð blanda af helgihaldi, leik, fönndri, söng og fræðslu.

Undirbúningur og framkvæmd mótsins er í höndum Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar (ÆSKÞ) sem eru frjáls félagsamtök sem hafa það að markmiði að efla og styrkja æskulýðsstarf kirkjunnar.

Framkvæmdastjóri mótsins er sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir, prestur við Akureyrarkirkju og framkvæmdastjóri ÆSKÞ.



Kvöldvaka á landsmóti.

12-spora námskeið að hefjast!

Okkar vinsæla 12-spora námskeið hefst með kynningarfundum miðvikudaginn 22. september kl. 20.00 í fundarsal Safnaðarheimilis Akureyrarkirkju. Námskeiðið verður svo haldið á sama stað alla miðvikudaga í vetur kl. 20.00-22.00.

Umsjón með námskeiðinu hafa Brynja Siguróladóttir og Erna Gunnarsdóttir.

Allir hjartanlega velkomnir.

Adrenalín gegn rasisma

Öll erum við einstök en líka dálítið eins: Í vetur ætlum við að fara af stað með fjölmenningsstarf fyrir unglinga í Akureyrarkirkju.

Séra Hildur Eir Bolladóttir og Sunna Dóra Möller guðfræðinemi hafa umsjón með starfinu sem er ætlað öllum fermingarárgangi Akureyrarkirkju í samstarfi við nýbúadeild Oddeyrarskóla.

Adrenalín gegn rasisma hefur það fyrst og síðast að markmiði að brjóta

niður múra sem vilja byggjast milli fólks vegna fordóma og hræðslu. Í Adrenalíni hittast krakkar af íslenskum og erlendum uppruna og takast á við margskonar verkefni, bæði innandyra sem utan.

Í vor förum við síðan í helgarferð þar sem við tökumst á við íslenska náttúru og leikum okkur saman. Undirrituð hefur haft umsjón með Adrenalínstarfi síðastliðin 4 ár í Laugarneskirkju, starfið hefur skilað

miklum árangri og verið tilnefnt bæði til forvarnaverðlauna og samfélagsverðlauna Fréttablaðsins.

Við munum hittast á fimmtudögum frá klukkan 17:30-19:30, ýmist í Safnaðarheimili kirkjunnar eða á tilgreindum stöðum sem verða auglýstir sérstaklega.

Starfið hefst fimmtudaginn 23. sept og er ókeypis.

Með góðum kvöldjum.
Hildur Eir og Sunna Dóra.

Starfið í Akureyrarsókn næstu vikurnar

September

Sunnudagurinn 19. september, 16. sunnudagur eftir þrenningarbátíð. Upphaf vetrarstarfs í Akureyrarkirkju. Fjölskyldugudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Fundur með foreldrum fermingarbarna í kirkjunni strax á eftir. Opið hús í Safnaðarheimili eftir gudsjónustu. Léttar veitingar og kynning á vetrarstarfinu.

Þriðjudagurinn 21. september Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00. Hópur I.

Sunnudagurinn 26. september, 17. sunnudagur eftir þrenningarbátíð. Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Gudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00. Æðruleysismessu í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Þriðjudagurinn 28. september Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00. Hópur II.

Október

Sunnudagurinn 3. október, 18. sunnudagur eftir þrenningarbátíð. Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 5. október Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30. Hópur III.

Fimmtudagurinn 7. október Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00-17:00.

Sunnudagurinn 10. október, 19. sunnudagur eftir þrenningarbátíð. Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Gudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 12. október Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00. Hópur I.

Sunnudagurinn 17. október, 20. sunnudagur eftir þrenningarbátíð. Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Gudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00. Gudsjónusta á Kjarnalundi kl. 14:00. Gudsjónusta á Hlíð kl. 15:15.

Þriðjudagurinn 19. október Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00. Hópur II.

Sunnudagurinn 24. október, 21. sunnudagur eftir þrenningarbátíð. Fjölskyldugudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 26. október Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30. Hópur III.

Sunnudagurinn 31. október, 21. sunnudagur eftir þrenningarbátíð. Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Gudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00. Æðruleysismessu í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Nóvember

Þriðjudagurinn 2. nóvember Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00. Hópur I.

Fimmtudagurinn 4. nóvember Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00-17:00.

Sunnudagurinn 7. nóvember, allra heilagra messa. Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00. Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 9. nóvember Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00. Hópur II.

Sunnudagurinn 14. nóvember, 70 ára afmæli Akureyrarkirkju. Sunnudagaskóli í kapellu kl. 11:00. Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

Dr. Pétur Pétursson prédikar. Kaffi- og lukkupakkasala Kvenfélags Akureyrarkirkju í Safnaðarheimilinu eftir messu.

Þriðjudagurinn 16. nóvember Fermingarfræðsla kl. 15:30-17:30. Hópur III.

Sunnudagurinn 21. nóvember, síðasti sunnudagur eftir þrenningarbátíð. Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00. Gudsjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 23. nóvember Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00. Hópur I.

Fastir liðir

Mánudagar: Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Þriðjudagar: Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00. Æfing Kammerkórsins Ísoldar kl. 16:30-18:00. Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

Miðvikudagar: Mömmumorgunn kl. 9:30-11:30. Kirkjuprakkarar kl. 16:00-17:00. TTT kl. 17:00-18:00. ÆFAK kl. 20:00-21:00. 12 spora hópar kl. 20:00-22:00.

Fimmtudagar: Kyrndar- og fyrirbenastund kl. 12:00. Léttur bádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina. Æfing yngri barnakórsins kl. 15:00-16:00. Æfing eldri barnakórsins kl. 16:00-17:00. Æfing Stúlknakórsins kl. 17:00-18:30. Adrenalín kl. 17:30-19:30.